

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 9/1999 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/1999, sbr. nr. 7/1999, um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1999.

Frá og með 1. júní 1999 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja sem launamaður fær greiddar vegna ferða í þágu launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Fjárhæðirnar verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) Almennt gjald:

Fyrir:	1 - 10.000 km	verður	kr. 39,25
	10.001 - 20.000 km	verður	kr. 35,35
	> 20.001 km	verður	kr. 31,40

b) Sérstakt gjald.

Sérstakt gjald verður 15% hærra en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 45,14
	10.001 - 20.000 km	kr. 40,65
	> 20.001 km	kr. 36,11

c) Torfærugjald.

Torfærugjald verður 45% hærra en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 56,91
	10.001 - 20.000 km	kr. 51,26
	> 20.001 km	kr. 45,53

2. Dagpeningar erlendis.

Kaflinn „Almennir dagpeningar“ í tölulið 4.2. í auglýsingunni orðist svo:

Almennir dagpeningar:	Gisting	Annað	Samtals
	SDR	SDR	SDR
Bretland	128	90	218
New York	126	74	200
Asía, Afríka og Suður-Ameríka	130	105	235
Annars staðar	95	90	185
<i>Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:</i>			
Bretland	82	58	140
New York	81	47	128
Asía, Afríka og Suður-Ameríka	83	67	150
Annars staðar	61	58	118

3. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.3. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring	verði	9.800
Gisting í eina nótt	verði	5.800
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	verði	4.000
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	verði	2.000

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1999.

Reykjavík, 3. júní 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

Nr. 404

6. maí 1999

AUGLÝSING

**um friðlýsingu húsa sbr. 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga
nr. 88/1989 með síðari breytingum.**

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

gjörir kunnugt:

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð hússins Austurstræti 5 í Reykjavík og innra borð afgangslusalar.

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð Neskirkju í Reykjavík.

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð, fastar innréttingar í kringlu (þ.m.t. kennarastofu), skála og samkomusal á 3. hæð Melaskólans í Reykjavík.

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð hússins að Ægisíðu 80 í Reykjavík.

Með vísan til 1. mgr. 35. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 með síðari breytingum, hefur menntamálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu húsafriðunarnefndar ríkisins að friða ytra borð Rannsóknarhúss II, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum í Reykjavík og fastar innréttingar í bókasafni.

Ritað í Reykjavík, 6. maí 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.